

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 22. desember 1995, staðfest breytingar á aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000 frá 20. desember 1982.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Útlínur hafnarinnar breytast.
- Vegakerfi breytist á þann hátt að Árbæjarkantur framlengist að Grundargarði og Hafnargata styttist og nær ekki lengra en að Hólsá.
- Íbúðareitur stækkar og verður blandaður reitur fyrir íbúðir, uppsátur og bátanaust.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Bolungarvíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

*Umhverfisaráðuneytið, 22. desember 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

28. desember 1995

Nr. 705

## REGLUR

### um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði til endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeiða fyrir atvinnulausa.

#### 1. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að úthluta styrkjum úr sjóðnum til námskeiða fyrir atvinnulausa til skerðingar á biðtíma að afloknu bótatímabili.

#### 2. gr.

Þau námskeið eru styrkhæf sem skipulögð eru með þarfir atvinnulausra í huga, annað hvort atvinnulausra almennt eða ákveðinna hópa þeirra, og hafa að markmiði að auðvelda atvinnulausum að fá vinnu.

Heimilt er að styrkja almenn starfsmenntunarnámskeið ef sýnt þykir að þau geti nýst atvinnulausum jafnvel og námskeið sem sérstaklega eru ætluð þeim.

#### 3. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal fyrir hvert ár gera áætlun um hversu miklu fjármagni skuli varið til námskeiða fyrir atvinnulausa á því ári til að unnt sé að fullnægja rétti atvinnulausra til að sækja endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeið, sbr. 5. mgr. 22. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Áætlun stjórnar skal lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

#### 4. gr.

Starfsmenntaráð, sbr. 5. gr. laga um starfsmenntun í atvinnulífínu, nr. 19/1992, annast undirbúning úthlutana og leggur tillögur sínar um úthlutun fyrir stjórn Atvinnuleysis-

tryggingasjóðs til afgreiðslu. Við tillögugerð skal hafa til hliðsjónar að unnt sé að fullnægja þörfum fyrir námskeið sem víðast á landinu. Gerð skal tillaga um fjárhæð styrkja til hvers aðila á grundvelli samþykktar stjórnar sjóðsins um árlega fjárhæð styrkja og kostnaðaráætlunar og áætlunar umsækjanda um fjölda atvinnulausra þátttakenda.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tekur endanlega ákvörðun um úthlutun styrkja.

5. gr.

Starfsmenntaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki. Ráðinu er heimilt að skipta árinu niður í úthlutunartímabil.

Um umsóknir og meðferð þeirra, svo og skyldur þeirra sem námskeið halda fer, eftir því sem við á, samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu.

6. gr.

Skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóðs annast greiðslu styrkja. Heimilt er að greiða styrk fyrirfram, að nokkru eða öllu leyti, samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

7. gr.

Skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóðs skal kynna vinnumiðlunum sveitarfélaga og úthlutunarnefndum námskeið sem samþykkt hefur verið að styrkja.

8. gr.

Styrkþegar skulu gera starfsmenntaráði og Atvinnuleysistryggingasjóði grein fyrir framkvæmd námskeiða og fjárhagsuppgjöri vegna þeirra innan frests sem starfsmenntaráð ákvarðar. Vanræksla á því getur komið í veg fyrir frekari styrkveitingar til aðila.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 37. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, sbr. 4. gr. laga nr. 148/1994, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1995.*

**Páll Pétursson.**

*Anna G. Björnsdóttir.*

Nr. 706

28. desember 1995

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi miðbæjarreits, Akranesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 28. desember 1995 staðfest breytt deiliskipulagi miðbæjarreits, á Akranesi. Miðbæjarreitir var áður hluti af staðfestu deiliskipulagi Arnartorgsreits er staðfest var 2. desember 1992.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akraness. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytið, 28. desember 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*